

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2018

2020/EES/6/07

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1576 frá 26. júní 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 að því er varðar kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu hljóðviðvörðunarkerfis í ökutækjum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við í lið 2a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 540/2014) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32017 R 1576:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1576 frá 26. júní 2017 (Stjtíð. ESB L 239, 19.9.2017, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1576, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 239, 19.9.2017, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.